



VIÐSKIPTARÁÐ
ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Félags- og tryggingarmálanefnd
b/t. Hildar Evu Sigurðardóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. maí 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 50/2009, um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði (561. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér ýmsar breytingar á ofangreindum lögum.

Viðskiptaráð Íslands tekur undir mikilvægi þeirra markmiða sem frumvarp þetta miðar að, sem eru í anda markmiða þingmála nr. 560 og 510. Ráðið gerir þrátt fyrir það tvær athugasemdir við frumvarpið, annars vegar við 5. gr. og hins vegar við g. lið 9. gr. þess. Í 5. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að um meðferð umsóknar um greiðsluaðlögun skv. lögnum gildi sömu reglur og meðferð beiðni um þvingaða greiðsluaðlögun. Eins og ráðið hefur bent á er þvinguð greiðsluaðlögun ekki í samræmi við meginreglur Íslensks kröfuréttar og samningaréttar og þá heldur ekki í samræmi við meðalhófsregluna. Það er væntanlega af þeim sökum sem frjáls greiðsluaðlögun er orðin meginreglan skv. frumvarpi því sem liggur fyrir nefndinni til laga um greiðsluaðlögun einstaklinga (560. þingmál).

Viðskiptaráð leggur til að meðferðar umsóknar skv. lögnum skuli gilda sömu reglur og um frjálsa greiðsluaðlögun samkvæmt lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga nema skuldari og kröfuhafi komist ekki að samkomulagi um frjálsa greiðsluaðlögun.

Í g. lið 9. gr. frumvarpsins er kveðið á um breytt fyrirkomulag ráðstöfunar afborgana inná lánasamninga þannig að greiðslur gangi fyrst til lækkunar á höfuðstól og eftirstöðvar gangi svo til greiðsina vaxta og kostnaðar. Í fyrsta lagi er það álit ráðsins að óljóst sé með hvaða hætti þetta komi til með að aðstoða einstaklinga í vanda, sbr. umfjöllun í greinargerð með ákvæðinu. Í öðru lagi telur undirritaður að ef fara á þessa leið þá eigi hið opinbera að ganga fram með góðu fordæmi og láta hið nýja fyrirkomulag gilda um skuldir einstaklinga vegna skatta, tolla, aðflutningsgjalda sem og afborganir til opinberra sjóða líkt og Lánasjóðs námsmanna, Bygðastofnunar o.fl.

Viðskiptaráð leggur til að g. liður 9. gr. verði látin gilda um skuldir einstaklinga vegna vangoldinna skatta, tolla, aðflutningsgjalda sem og afborganir þeirra til opinberra sjóða.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga, en hvetur nefndina til að taka ofangreindar athugasemdir til skoðunar.

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Yfirlögfræðingur Viðskiptaráðs